



## FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

### Fríkirkjan í Reykjavík

Endurbætur innanhúss

#### Byggingaraðili

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík

Arkitekt endurbóta

**Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf**

**Stefán Örn Stefánsson**

**Grétar Markússon**

Hönnuður nýrra kirkjubekkjja

**Pétur B. Lúthersson**

Burðarþol

**Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf**

Lagnir

**Fjarhitun hf**

Hljómburður

**Hljóðvist ehf**

**Stefán Guðjohnsen**

Umsjón

**Byggingadeild Borgarverkfræðings**

Aðalverktaki

**Albert Finnbogason**

**Undirverktakar**

Hljóðkerfi

**Hljóðvist ehf**

**Rafel**

Tréverk

**Björn Þór Baldursson**

Gólfborð

**Aldin hf**

Pípulagnir

**Henry Kristjánsson**

Raflagnir

**Straumver ehf**

Málun

**Fagmálun hf**

Dúkalögn

**Jón Ólafsson**

Gólfslípun

**Sigurður Waage**

Bekkir

**Trésmiðjan Grein hf**

Járnsmiði

**Vélsmiðja Sigurðar V Gunnarssonar**



Undirbúningur að endurbótum innanhúss hófst á fyrri hluta ársins 1998. Sérstök byggingarnefnd annaðist undirbúning og gerður var þjónustusamningur við byggingadeild borgarverkfræðings um skipulag og umsjón framkvæmda. Náíð samráð hefur verið við Húsfriðunarnefnd ríkisins.

Framkvæmdir endurbóta hófust í september 1998 og 1. áfanga þeirra lauk í mars 1999.

#### Áætlaður kostnaður, fyrsta áfanga

í millj. kr. á verðlagi í mars 1999

1. Hljóðkerfi	2,6
2. Kirkjubekkir	12,5
5. Prédikunarstóll	0,7
3. Svalir	2,6
4. Gólf	4,2
6. Málning	2,1
7. Rannsóknir	0,5
8. Hönnun, umsjón o.fl.	1,0
Samtals	26,2



### Örstutt yfirlit um byggingarsögu kirkjunnar

Lútherskur fríkirkjusöfnuður var stofnaður í Reykjavík 1899 en töluverðar hræringar í trúar- og kirkjumálum áttu sér stað kringum aldamótin hér á landi. Tveimur árum síðar keypti hinn nýi söfnuður lóð og fékk leyfi til að byggja kirkju 1901. Lóðin var hluti af erfðafestutúni J. Jónassen á Útsuðurvelli. Yfirmsiður kirkjunnar var Sigvaldi Bjarnason og er hann talinn frumhöfundur hennar.

Í virðingargerð 1902 er kirkjunni lýst þannig: „*Hús þetta er byggt af bindingi, klætt utan með plægðum 5/4“ borðum, pappa og járnþaki yfir umhverfis og járnþaki á plægðri súð með pappa á milli. Kirkjan er þiljuð innan og panelpappi á veggjum og hvelfingum, allt málað. Í henni eru veggsvalir á 3 vegu með sætum.*

*Við vesturgaflið er anddyri með tveim uppgöngum og turni, sem allt er byggt af sama efni, sem kirkjan sjálf. Þess skal getið að kirkjan er ekki fullgjör.“...* Fjórum árum síðar 1905 fékk söfnuðurinn leyfi til að stækka kirkjuna til austurs og þá eftir teikningu (?) Rögnvaldar Ólafssonar og var kirkjan þá stærsta timburkirkja landsins. Sama ár er kirkjan aftur metin og er virðingargerð svohljóðandi: „*Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hefur lengt kirkjuhús sitt á lóð sinni á útsuðurvelli í Reykjavík, um 15 al. ... Í henni eru veggsvalir á alla vegu og með föstum sætum. Í austurendanum bakvið altari og predikunarstól eru 2 uppgangar og inngangur.*

Bekkir í kirkjunni eru þá alls 19 í röð hvorum megin en eru þó ekki allir heilir eða í fullri lengd. Þetta sést af teikningum Einars Erlendssonar sem hann gerir af kirkjunni, „*sem hún nú er“* og fylgja teikningum hans að nýjum kór 1924. Í virðingar-

gerð vegna brunabótamats 1924 er kirkjunni lýst þannig að innan:

„Að innan er öll kirkjan með panel og veggir pappalagðir. Loft-hvelfingar eru kalkhúðaðar og öll er kirkjan hvítmáluð innan.“ ..... „Niðri í kirkjunni eru 25 fastir bekkir hvoru megin, allir eikarmálaðir og predikunarstóll innst í kirkjunni, að sunnanverðu.“ ...

Síðar segir (umfram það sem áður er getið í virðingum): „*Kórbygging ný hefur verið gjörð við austurgafli Kirkjuhússins, úr steinsteypu á 3 vegu með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu og gafli á kórnum er tvöfaldur. ... Yfir kórnum er blámáluð hvelfing með gyltum stjörnum.*

Kirkjunni hefur sem sé bæst nýr kór, bekkjum hefur fjölgað og svo virðist sem hvelfingu kirkjuskipsins sé þá breytt, úr oddhvelfingum í sk. tunnuhvelfingu. Einar Erlendsson hefur teiknað breytingarnar og sótt um byggingarleyfi og hefur jafnframt dregið kirkjuna upp eins og hún var.

Ár 1941 fer næsta virðing fram. Allt er þá óbreytt annað en að virtar eru 2 viðbyggingar, „*sín hvoru megin Andyrisins bygðar úr timbri, járnvarðar, þiljaðar, vírlagðar, múrhúðaðar og málaðar innan“*. Þessar viðbyggingar teiknaði Guðmundur H. Þorláksson.

Síðasta virðing sem varðveitt er í skjalasafni borgarinnar er frá 1945.

Um 1990 er gert við kirkjuna hið ytra, skipt um járn á veggjum, þaki og turni, gert við grind í turni og sprautað steinullareinangrun í vegg. Þessar endurbætur fóru fram undir stjórn Leifs Blumensteins.

(SÖS)

